Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Jón Björnsson

Bjarni Benediktsson – Jón Björnsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

S/S Súðinni 5. Maí 1945.

Kæri vinur.

Bestu þakkir fyrir síðast. Jeg er nú á leiðinni heim með Súðinni, og kemst þá að því, að Sigurður Björnsson frá Grjótnesi, sem nú er oddviti Presthólahrepps, er líka með, á suðurleið, til þess meðal annars, að reyna að koma því í gegn að Leirhöfn, en ekki Þórshöfn, verði gerð að Landshöfn. Auðvitað kemur það ekki til nokkurra mála. En svona eru Framsóknarmenn, af því að þeir lásu það í blöðunum um Þórshöfn. Jeg vildi láta þig vita þetta til þess að þú vissir það, ef áróður kæmi gegn Þórshöfn. Treysti þjer svo til að gera svo vel að fylgjast með málinu, sem jeg tel nú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sjé afgert. En maður getur aldrei verið of varasamur gegn Framsókn. Bið þig afsaka ónæðið. Jeg líka hálf sjóveikur.

Með bestu þakklæti fyrir alla þína hjálpsemi, og kærri kveðju.

Þinn einl.
Jón Björnsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórshöfn, 29, mai,1945.

Herra

borgarstjóri Bjarni Benediktsson,

Reykjavik.

Kæri vinur.

Jeg bið þig afsaka, að jeg skuli ónáða þig með þessum linum, eins mikið eins og þu hefur að gera, en jeg ber mest traust til þin af mönnum i þessu landi, og þvi leita jeg til þin, viðvikjandi sölunni a eignum minum, sem er mjer mesta áhugamál, og vil ekkert gera, nema þú vitir það. Samgöngumalaráðherrann Emil Jónsson, sagði mjer, að hann hefði heldur kosið að jeg hefði lika fengið staðfestingu forsætisráðherra um, að kaupin hefðu verið samþykkt,- en jeg sagði honum, að jeg vildi ekki gera honum ónæði, af þvi hann væri veikur, enda tæki jeg hann (E.J) fyllilega trúanlegan fyrir þvi. Ef þú telur þess þörf, vildi jeg biðja þig gera svo vel að talfæra það við forsætisráðherra, til þess að fá lika umsögn hans um, að kaupin hafi verið samþykkt af öllum ráðherrunum, mótmælalaust.- Þá minntist E. J. á , að jeg gæti skrifað Rikisstjórninni um hvað fasteignarmat væri á eignunum, en það er ca 38,000.- kr. (lágt metið.) Ef þú nú telur nauðsyn,-eða rjettara,-að skrifa þeim, þá vildi jeg biðja þig gera svo vel, að senda mjer uppkast, hvernig það brjef ætti að vera? máski staðfesting á samtali okkar? og að jeg hefði selt stjórninni upp á væntanlegt samþykki alþingis?. Verðið talaði jeg um frá 200 til 250 þús. eftir samkomulagi. Annars skyldi verðið ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 2.

standa fyrir, þvi jeg vildi þá slá af, ef það þætti ósanngjarnt. En Emil Jónsson sagði að þeir vildu heldur ekki raga það, bara að þeir gætu forsvarað það, og sanngjarnt teldist eftir ástæðum.

Jeg treysti þjer nú til að leiðbeina mjer i þessu, hvort þú telur þörf, eða ástæðu til að jeg skrifi þeim. Það veist þú betur en jeg. En ekki vildi jeg að brjefið yrði til þess að firta þá, eða þeir hjeldu að jeg tortrygði þá, á nokkurn hátt, að þeir stæðu ekki við loforð, enda er vist alveg óhætt að treysta Emil.

Jeg bið þig nú að afsaka þetta, en treysti þjer til að leiðbeina mjer, og vera mjer hjálplegur i þessu sölumáli, eins og þú ert búinn að vera, <u>þar til þvi er alveg lokið, og samningsbundið</u>. Auðvitað greiði jeg einsog þú setur upp.

Jeg get <u>ekki hugsað mjer</u> að vera hjer lengur en til hausts, eða þar til jeg væri búinn að koma þessu i verð. En vil ekki láta Kaupfjel. eða Guðm. á Lóni fá eignirnar fyrir ekki neitt, sem þeir ætla sjer.

Hafnarnefnd skoraði einum rómi á þingmanninn að fylgja þvi fast fram, á næsta þingi, að Þórshöfn yrði gerð að Landshöfn, bæði Guðm. og Karl kaupfjelstj. eru i Hafnarnefnd. Auðvitað skrepp jeg suður þegar þing kemur saman. En mjer þætti mjög vænt um, ef þú sendir mjer fáar linur um þetta, og þitt álit, þá yrði jeg rólegri, og öruggari um málið, sem veldur mjer talsverðum áhyggjum.

Með bestu kveðju.

Þinn einl.

Jón Björnsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur